



NÝ SKÓLAMIDSTÖÐ Á ÞÓRSHÖFN

Vinnuferli og hugmyndavinna 2012 -2014

Leikskólamál eru nú töluvert í umræðunni hér í Langanesbyggð og enda mál sem brennur á íbúum. Vegna þessa tel ég rétt að koma á framfæri upplýsingum um það ferli sem málið hefur verið í síðustu mánuðina.

Þann 9. febrúar 2012 samþykkti sveitarstjórn samhljóða að hefja undirbúningsvinnu við forskoðun á leikskólabyggingu á Þórshöfn. Var þáverandi sveitarstjóri beðinn um að skipa byggingarnefnd fyrir verkefnið. Hana skipuðu sveitarstjóri, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar, leikskólastjóri, formaður fræðslunefndar skrifstofustjóri sveitarfélagsins og tveir fulltrúar foreldra einn úr foreldrarráði leikskólans og annar úr foreldrafélagi hans. Vorið 2013 var að auki, skólastjóri Grunnskóla Þórshafnar skipaður í nefndina.

Lítið starf var innt af hendi í nefndinni til að byrja með en í janúar 2013 var ákveðið að nefndin færi á Austfirðina til að skoða leikskólabyggingar sem byggðar hafa verið þar síðustu ár. Farið var í fimm leikskóla og kostir þeirra og gallar ræddir við starfsfólk og stjórnendur. Ferðalöngum, leist áberandi best á leikskólann á Fáskrúðsfirði en hann er sambyggður grunnskólanum í bænum. Starfsfólk leik- og grunnskólans var allt mjög ánægt með þetta fyrirkomulag. Helstu kostir sem nefndir voru, var t.d. sameiginleg starfsmannaðstaða auk þess sem samstarfið varð allt annað og betra milli skólastiganna eftir að þetta fór inn í eina og sömu bygginguna. Hópurinn hreifst mjög að mörgum útfærslum sem mátti sjá í skólanum á Fáskrúðsfirði. Einnig var farið í skóla þar sem lítið samráð hafði verið haft við starfsfólk og stjórnendur um hönnun húsnæðisins og ljóst þótti að slík vinnubrögð væru ekki til eftirbreytni. Eftir þessa ferð var ákveðið að hafa samband við arkitekt og hönnuð leikskólans á Fáskrúðsfirði, Orra Árnason vegna hugsanlegra byggingaráforma á Þórshöfn.

Í maímánuði 2013 sendi Orra, Langanesbyggð þrjár tillögur að leikskólabyggingu og mögulegum tengingum við grunnskólann auk tillögu þar sem leik og grunnskóli voru tengdir við Félagsheimilið Þórshver. Í lok maí var ákveðið að senda leikskólastjórnann okkar suður og funda með Orra og skoða útfærslur í öðrum skólum. Farið var í heimsóknir í sex skóla og þá sérstaklega lögð áhersla á að skoða skóla þar sem þessum skólastigum er blandað saman. Ferðin var mjög árangursrík og niðurstaðan af henni var sú að vinnuferlið væri í réttum farvegi miðað við þá skólaþróun sem best þykir í dag.

Verkefnið sofnaði svo í kringum sveitarstjórnarskiptin í júní/júlí 2013 og seinni hluta ársins 2013 var lítið unnið að verkefninu. Í desember mánuði er verkefninu ýtt af stað aftur.. Ákveðið var að skoða aftur frá grunni allar



mögulegar staðasetningartillögur, kosti og galla þeirra. Lögð var áhersla á að skoða hvort hægt væri að staðsetja skólann nálægt grunnskólanum eða uppi á holtinu. Ef leikskóli yrði áfram á þeirri lóð sem hann er nú, er óhjákvæmilegt annað en jarðvegsskipta allri lóðinni. Lóðin er mjög óhentug að vetri til og í henni situr oft mikið vatn. Auk þessa væri algjörlega nauðsynlegt að girða lóðina upp á nýtt þannig að hún uppfylli allar öryggiskröfur. Gerðar voru margar mismundi afstöðumyndir af staðsetningu skólans og kostir og gallar hvernar útfærslu ræddir. Fengnir voru ýmsir aðilar að borðinu t.a.m. önnur arkitektastofa og skólaráðgjafi okkar Ingvar Sigurgeirsson, til að fá fram sem flest sjónarhorn á meðan á hönnunarferlinu stóð. Margt þurfti að taka með í reikninginn svo sem besta staðsetning leikskólalóðarinnar með tilliti til veðurs og vinda, samstarfs og tengingar við grunnskóla, skugga á lóð, stærð starfsmannaðstöðu og vinnuherbergja, og innra skipulags og flæðis innan leikskólans. Niðurstaða þessara vinnu var sú að ef leikskóli yrði byggður þá væri hægt að spara talsvert af fermetrum ef hann yrði tengdur grunnskóla og nýta þá sameiginleg rými betur. Í þarfagreiningu frá grunnskóla kom fram að þar vantar einkum kennsluvæði fyrir list og verkgreinar auk raungreinastofu og bókasafn. Eins vantar starfsmannasalerni. Í sömu greiningu kom fram að á næstu árum myndi skólinn verða orðinn of lítil miðað við fólksfjöldaþróun í samfélaginu.

Upphaflega var gengið út frá því að nýr leikskóli þyrfti að vera um 450-550 m² að stærð. Stórir árgangar eru nú að fara í gegnum leikskólastigið og mat hópsins var það að ef þetta yrði sambyggt gæti sá möguleiki verið fyrir hendi að hafa sveigjanlega stærð á skólunum. Taka mætti hluta leikskólans undir grunnskóla þegar árgangasveiflur væru miklar. Þannig gæti sameiginleg bygging verið fýsilegur kostur fyrir bæði skólastigin. Hugsanlega væri hægt í framtíðinni að hagræða eitthvað í starfsmannahaldi en hvert starfsgildi sem sparast skilar sér í verulegri hagræðingu þegar til lengri tími er lítið. Með þetta að veganesti var Orrí settur aftur af stað í hönnunarvinnu og komu frá honum þrjár aðrar tillögur um tengingu skólanna. Niðurstaða starfshópsins var sú að tenging norðanmegin við skólann væri besti kosturinn. Aðalástæða þess að norðanbygging var valin var að sú að útsvæði skóla og leikskóla væri opið og sólríkt, en þó skjólsælt. Með þetta í farteskinu hófst svo mikil þarfagreiningarvinna innri rýma. Skólastjórnendur skiluðu inn skýrslum um þau atriði sem þeir töldu að hönnuður þyrfti að leggja áherslu á og taka tillit til og formleg hönnun var sett af stað. Byggingarnefndin fór á þessu stigi í skoðunarferð til Vopnafjarðar og skoðaði bæði skólastigin þar en ekki er langt síðan að bæði grunn- og leikskóli voru stækkaðir verulega þar. Mikill myndarbragur er á þeirri starfssemi og aðbúnaður til fyrirmyndar. Einnig var nýr grunnskóli í Hvalfjarðarsveit heimsóttur en þar er ný grunnskólabygging 2000 m² fyrir 70 grunnskólanemendur.

Staða verkefnisins á þessum tímamarki er sú að búið er að leggja mikla vinnu í greiningu á öllum rýmum í byggingunni þar sem arkitekt hefur leitast við að taka mið af öllum athugasemdum skólastjórnenda og starfsmanna. Gerð og form byggingarinnar er afrakstur mikillar rýnivinnu m.a. er búið að senda okkar teikningar til annarra skólastjórnenda, ráðgjafa í skólamálum og annars fagfólks til að fá álit þeim hugmyndum og teikningum sem nú liggja fyrir.

Sú vinna hefur fyrst og fremst skilað eftirfarandi niðurstöðum:

- Byggja þriggja deilda leikskóla sem rúmar 60-70 börn.
 - Hentugt væri að hafa sameignlegan fjölnota sal sem bæði skólastigin geta nýtt.
 - Gott væri ef hægt væri að sameina móttökueldhús fyrir leikskóla og heimilisfræðistofu fyrir skólann í eina og sama rýminu.
 - Setja upp myndmenntastofu sem nýst getur báðum skólastigum.
 - Koma upp raungreinastofu.
 - Koma upp list og verkgreinastofum sem standast nútíma kröfur og reglugerðir.
 - Fjölga salernum í skólanum.
-



LANGANESBYGGÐ

- Bæta aðstöðu starfsmanna á báðum skólastigum.
- Lagfæra innganga og fatageymslur í grunnskólanum.
- Koma skóla og hérðasbókasafni fyrir inni í byggingunni og bæta þar með aðstöðu þess verulega.
- Lágmarka fermetra sem fer í óþarfa króka og ganga
- Hafa sveigjanleika þannig að grunnskóli geti mögulega stækkað inn í leikskóla ef árgangar þar minnka um tíma.

Heildarbyggingin sem hönnuð hefur verið eru rúmir 1000 m² og skiptist nokkuð til helminga á milli leikskóla og stækkunar á grunnskóla auk bókasafns.



Verið er að skoða úr hvaða efni byggingin gæti verið byggð. Til greina kemur að staðsteypa húsið á staðnum, reisa hús úr timbureiningum (KLH einingum) eða reisa hús úr forsteyptum einingum. Rauntölur þar sem leikskólar hafa verið staðsteyptir undanfarið hafa kostað um 450.000 pr. m² með lóðarfrágangi og innanstokksmunum. Útreikningar mínir sýna að forsteypt eininga- eða timburhús yrði ódýrari valkostur en eins og staðan er núna en ég enn að sannreyna þær tölur sem um ræðir. Margar breytur eru í framkvæmd sem þessari og vanda þarf vel til allrar vinnu og sýna útsjónarsemi í öllum útfærslum sem valdar verða þannig að hægt sé að lágmarka tilkostnað en jafnframt ná fram tilætlaðri vellíðan og aðstöðu. Eðlilega er slíkt talsvert mál.

Ljóst má vera að fjárfesting sem þessi er stór fyrir lítið sveitarfélag eins og Langanesbyggð. Það verður þó ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að önnur sveitarfélög hafa verið að bæta aðbúnað barna verulega síðustu árin og eru enn að. Þörfin fyrir bættu aðstöðu er til staðar og málaflakkurinn er sá stærsti og e.t.v einn sá kröfuharðasti í rekstri sveitarfélagsins. Núverandi staða húsnæðismála þessa málaflakks, þá sérstaklega leikskóla er óviðunandi en faglegt starf fengið mikla athygli síðustu ár á báðum skólastigum. Aðkoma eða samstarf við Svalbarðshrepp að slíku verkefni yrði mikill kostur og eins þarf að kanna til hlítar með sölu eigna og hvort hægt sé að fá einhver aukaframlög frá ríki svo ráðast mætti í svona framkvæmd.

Eins og staðan lítur út fyrir mér í dag er ótrúlegur aðstöðumunur á milli sveitarfélaga í hinum mörgu mismunandi skólum og þannig má segja að velferð og umhverfi barna á mótunarárum þeirra sé mjög ólíkt eftir búsetu fjölskyldunnar.

Ef þær hugmyndir sem nú liggja á borðinu, fá brautargengi hjá íbúum sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúm þeirra, má færa rök fyrir því að búseturskilyrði hér í Langanesbyggð muni batna verulega frá því sem nú er.



LANGANESBYGGÐ

Veruleg tiltekt var gerð í lánasafni sveitarfélagsins nú fyrir á árinu 2014. 30 lán voru greidd upp og þessi hluti skulda sveitarfélagsins var endurfjármagnaður til lengri tíma. Þetta gerir það að verkum að sjóðsflæði í rekstrinum batnar verulega. Á sama tíma var boðin út fjármögnun á 250 milljónum króna til þess að ráðast í fjárfestingar hjá sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur nú aðgang að fjármagni til þess að ráðst í framkvæmdir hverjar svo sem þær verða. Útreikningar á langtímafjármögnun fjárfestingarlána auk eldri skulda sveitarfélagsins sýna fram á að heildar greiðslubyrðni af lánnum að meðtöldu fjárfestingarláni (250M) yrði lægri en fyrir fjárhagslega endurskipulagningu sveitarfélagsins.

Fjárfestingar sem hugsanlega verður ráðist í hafa áhrif á skuldabekku sveitarfélagsins. Viðmiðunarreglur sem settar hafa verið fyrir sveitarfélög segja að skuldahlutfall megi ekki vera hærra en 150%. Um síðustu áramót var skuldahlutfall Langanesbyggðar um 90% og því leyfa þessi viðmið frekari skuldsetningu.

Þá er rétt að benda á að ríkið setti fram ívilnanir fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög sem fólu í sér að hægt væri að innskatta vinnu iðnaðarmanna um tíma en þessar reglur falla úr gildi um áramótin 2014-2015. Því er allt sem sveitarfélagið framkvæmir nú til áramóta talsvert ódýrara en verður á komandi ári eða síðar. Slíkt ívilnun gæti m.a. haft áhrif á það hvaða framkvæmdarhraða íbúar og sveitarstjórn vilja hafa á þeim verkefnum sem ráðist verður í. Ákveðið hagræði er fólgið í því að vinna hlutina hratt næstu mánuði ef slíkur vilji er fyrir hendi. Ef áhugi væri til að halda þessu verkefni áfram væri mögulegt að hefja framkvæmdir í ágúst 2014.

Nýverið samþykkti sveitarstjórn nýja skólastefnu fyrir Langanesbyggð. En hún var unnin í góðu samstarfi við alla þá sem hlut eiga að skólmálum. Í henni eru ýmis atriði sem augljóslega munu þurfa að kosta fjárfestingar þannig að samfélagið geti framfylgt því sem þar er kveðið á um. Bættur aðbúnaður barna í samfélaginu og starfsfólks er stór hluti af þeirri skuldbindingu sem samfélagið hefur gengist undir með stefnunni.

Það er í höndum komandi sveitarstjórnarmanna að ákveða í hvaða framkvæmdir verður ráðist á næstu árum. Það er von mín að með þessum pistli ætti staða mála varðandi skólamiðstöð á Þórshöfn að vera skýrari fyrir íbúa. Það er svo á valdi komandi sveitarstjórnar að ákveða hvernig skuli forgangsraða. Mörg brýn mál knýja á dyrnar og ljóst er að sá á kvölinum sem á völinum.

Það er mat mitt að vinnuferlið að baki þeim hugmyndum sem nú eru uppi á borðum hafi verið faglega unnið af öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn. Þetta er e.t.v. ágætis tímamunktur til að þakka þeim fjölmörgu sem að þessari vinnu hafa komið fyrir ánægjulegt samstarf síðustu mánuðina.

Með mínum bestu kveðjum
Ólafur Steinarsson
Sveitarstjóri Langanesbyggðar



Hægt er að skoða þrívíddar myndbönd á YOUTUBE utan af byggingunni og innan úr henni ef slegið er upp leitarorðinu „skólamiðstöð Þórshöfn“
